



Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. apríl 2020  
Tilvísun: 202004-0019

**Efni: Umsögn ASÍ um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID 19- heimsfaraldursins, 723 mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID 19- heimsfaraldursins, 723 mál.

ASÍ styður heilshugar markmið tillögunar um að styrkja réttindi og hækka fjárhæðir í atvinnuleysistryggingum til að mæta tekjufalli þess stóra hóps sem nú er án atvinnu og allt útlit er fyrir að fari enn stækkandi á næstunni. Greiðsluvandi vegna tekjumissis er mesta hættan sem steðjar að fjárhag heimilanna við núverandi aðstæður. Efling atvinnuleysisbótakerfisins dregur verulega úr líkum á að einstaklingar og fjölskyldur sem verða fyrir atvinnumissi lendi í íþyngjandi fjárhagserfiðleikum til lengri tíma sem leitt geta af sér bæði félagslegan vanda og óöryggi í húsnæðismálum. Slíkar aðgerðir styðja jafnframt við kaupmátt heimilanna sem skiptir sköpum til að ná viðspyrnu í efnahagslífinu á ný.

Alþýðusambandið ítrekar því það sem komið hefur fram af hálfu sambandsins um mikilvægi þess að atvinnuleysistryggingakerfið verði styrkt með hækkun bótafjárhæða, lengingu tímabils tekjutengingar, hækkun stuðnings vegna barna og bættri réttarstöðu námsmanna. Grunnbætur atvinnuleysistrygginga eru nú ríflega 289.510 kr. sem er umtalsvert lægri en lágmarkstekjutrygging á vinnumarkaði sem nú er 335.000 kr. en bótafjárhæðir hækkuðu einungis um 3,5% á árinu á sama tíma og lægstu laun hækkuðu um 5,7%.

Þá bendir ASÍ á nauðsyn þess að lögum um atvinnuleysistryggingar verði þegar breytt þannig að atvinnuleitendur sem hafa starfað hjá fyrirtækjum sem verða gjaldþrota geti fengi greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði frá úrskurðardegi. Slíkt felur ekki í sér



viðbótarkostnað fyrir sjóðinn, enda tryggt með greiðslum úr Ábyrgðasjóði launa en hefur mikla þýðingu fyrir einstaklinga sem verða fyrir skyndilegum tekjumissi.

Loks telur ASÍ brýnt að hefja þegar vinnu við endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og bæta frekar réttarstöðu atvinnuleitenda.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz  
hagfræðingur ASÍ